



Tilvitnanir og tilvísanir



Hugtök sem þú þarft að þekkja

➤ **Tilvitnun**

Upplýsingar, sem hafðar eru eftir heimild, í tiltekinni ritsmíð

➤ **Bein tilvitnun**

Haft orðrétt eftir heimild, orðalagi má ekki breyta

Ekki einu sinni leiðréttastafsetningarvillur

➤ **Óbein tilvitnun**

Efni er sótt til heimildar en orðalagi breytt, þ.e. ritgerðarhöfundur notar eigið orðalag

➤ **Tilvísun**

Vísun í heimildaskrá inni í texta

Þarf að vera samvísandi við heimildaskrá

(Höfundur, ártal, bls. X) / Höfundur (ártal, bls. X)

Beinar tilvitnanir

- Styðja orð ritgerðarhöfundar en koma ekki í stað þeirra.
 - Hafa inngangsorð / kynningu frá höfundi ritsmíðar
 - Fá umfjöllun frá höfundi ritsmíðar.
- Ekki má breyta orðalagi eða stafsetningu.
- Aðeins notaðar ef orðalag skiptir máli.
 - Fáar vel valdar eða jafnvel engar

Beinar langar og beinar stuttar

- **Bein löng:**
- Afmarkast með **greinaskilum fyrir og eftir** tilvitnun.
- **Tvípunktur** er settur á undan tilvitnun.
- **Hvorki** gæsalappir **né** leturbreytingar.
- **Breiðari spássía** a.m.k. vinstra megin

- **Bein stutt:**
- Afmörkuð með **gæsalöppum „“**.
- **Í beinu framhaldi af inngangsorðum.**
 - Ekki greinaskil
 - Ekki punktur á milli

Bein, löng tilvitnun

Leikföng hafa fylgt mannum frá örófi alda þótt mörg nútímabörn myndu reka upp stór augu yfir því sem forfeður okkar léku sér að:

Í upphafi voru leikföngin náttúruleg svo sem litfagrir steinar úr fjöru eða fjalli, skeljar, dýrabein, grös og blóm. [...] Heimatilbúin leikföng voru einföld og persónuleg, brúður, bátar og dýr skorin út í tré eða bein og horn (Gyða Gunnarsdóttir, 2004, bls. 353).

Þrátt fyrir að leikföng barna fyrr á tímum hafi verið einfaldari en nútímabarna er aldeilis óvíst að þeim hafi þótt eitthvað minna til þeirra koma, nema síður sé. Eitt er þó víst að leikföng fyrri tíma reyndu meira á skapandi hugsunarhátt þar sem dýrabein gat verið í hlutverki hests og hægt var að binda blóm saman í krans sem síðan mátti skreyta sig með.

Bein, stutt tilvitnun

- Snemma hefur borið á því að fólk hafi geymt leikföng barnanna í sérstökum hirslum, t.d. „útskornum kistlum sem voru kallaðir völuskrín eða gullastokkar“ (Gyða Gunnarsdóttir, 2004, bls. 353). Það er synd að þessi fallegu heiti yfir dótakassa skuli að mestu vera horfin úr málinu. Sennilega eru ekki mörg nútímabörn sem þekkja þessi orð nú á dögum, hvað þá að þau noti þau.

Óbeinar tilvitnanir

- Þurfa að styðja við orð ritgerðarhöfundar eins og beinar tilvitnanir.
- Þær þurfa:
 - Að vera trúar innihaldi frumtexta.
 - Að hafa **orðalag ritgerðarhöfundar en ekki heimildar**, s.s. umorða þarf tilvitnunina
 - Að hafa **tilvísun í heimild á eftir tilvitnun**
 - **Ekki afmarkaðar með neinum hætti** s.s. gæsalöppum eða leturbreytingum

Óbein tilvitnun



Börn fyrri tíma hafa þurft að vera skapandi í hugsun þegar kom að því að búa til leikföng eða finna hversdagslegum hlutum stað í leik. Spýtu eða prik mátti nota sem stafhest, auk þess sem það kom að góðu gagni þegar þurfti að reka kýrnar eða berja frá sér grimma hunda (Gyða Gunnarsdóttir, 2004, bls. 353). Með þessu móti varð allt umhverfið hluti af leikmynd barnanna og víða mátti finna „gullmola“ sem nútímabörn, eða a.m.k. foreldrar þeirra, myndu flokka sem rusl.

